

Vegagerðin, Austursvæði
Búðareyri 11-13
730Reyðarfjörður

Reykjavík, 17. mars 2021
UST202011-292/F.T.
08.06.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 27. nóvember 2020 þar sem áformað var að áminna rekstraraðila vegna frávíks er fram kom í eftirliti stofnunarinnar í bikstöð Vegagerðarinnar á Reyðarfirði þann 2. október sl. Þann 25. febrúar sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

- 1. Gr. 2.2 í starfsleyfi.** Krafa er gerð um að áfylling flutningsgeyma (bíla) skuli fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lægsta punkti sem tengt er olíuskilju. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila verður farið í lagfæringu á áfyllingarplaninu um leið og yfirlagnir á svæðinu muni hefjast. Áætlað er verkið verði hafið í kringum 15. júní 2021. Planið verður þá yfirlagt með bundnu slitlagi. Niðurfall er á svæðinu tengt olíuskilju.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en óskar eftir því að stofnuninni verði send staðfesting á því að verkinu sé lokið sem og myndir af úrbótunum. Úrbætur verða einnig teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 79.200 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur